

SJÁLFBÆR LAUSN

Gas- og jarðgerðarstöð SORPU er ætluð fyrir allt efni orkutunnunnar (sorpunnunnar), sem í dag eru um 70% lífræn efni. Framleiðsla á öku-tækjaldsneyti og jarðvegsbæti úr heimilisúrgangi er sjálfbær lausn sem stuðlar að vistvænni samgöngum og nýtingu þeirra næringarefna sem felast í úrgangi.

SORPA framleiðir metan úr lífrænum úrgangi og hefur notkun þess á bifreiðar sparað útblástur sem nemur um 410.000 tonnum af koltvísýringi frá árinu 2000. Í dag eru um 1.400 bílar í umferð sem ganga fyrir metani.

Heildarframleiðsla SORPU með tilkomu nýrrar stöðvar getur knúið um 8.000 metanbíla. Metan er eina Svansvottaða bifreiðaldsneytið hér á landi og því góður kostur fyrir þá sem vilja draga úr umhverfisáhrifum sínum. Þá skilar stöðin árlega um 10–12.000 tonnum af jarðvegsbæti sem nýta má sem áburð eða til uppgræðslu lands.

Rík áhersla verður einnig lögð á að ákveðin efni séu flokkuð frá heimilisúrgangi og komið í endurvinnslufarveg í gegnum blátunnu, grenndarstöðvar og endurvinnslustöðvar, s.s. pappír, fatnaður, gler, spilliefni, o.fl.



ÓMETANLEGUR ORKUGJAFI Í TUNNUNNI ÞINN



Gas- og jarðgerðarstöð
SORPU rís í Álfsnesi

95% ENDURNÝTING HEIMILISÚRGANGS

Árið 2020 hefst starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU í Álfsnesi. Hún mun gera það mögulegt að endurnýta um 95% af öllum úrgangi frá heimilum á höfuðborgarsvæðinu.

